

14. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins
Haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð,
föstudaginn 9. febrúar 2024, kl. 08.30-10.00

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir (Teams) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 24. janúar 2024

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Farið var örstutt yfir stöðuna m.a. samningar við Ferðamálastofu og Íslandsstofu í bígerð. Reikningar á aðildarfélagu hafa verið sendir út ásamt því að HITTUMST verður kynnt í lok næstu viku.

3. Aðild að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Farið var aftur yfir það sem var ákveðið á fundi 24. janúar og gerðar ákveðnar breytingar sem farið verður í að fá lögfræðing til þess að fara yfir í framhaldinu en eru að öðru leyti samþykktar.

- Aðild að stofunni:
 - Fyrirtæki fá sýnileika fyrir eitt vörumerki í kynningarefni stofunnar.
 - Fyrirtæki geta verið með aukaskráningu fyrir vörumerki sem er rekið á sömu kennitölu og/eða er í meirihluta í sama eignarhaldi. Hver aukaskráning kostar 40.435 kr. (helming af 1-2 ársverkum og tekur breytingum eftir meðaltals neysluvísitölu hvers árs).

4. Útivistarvefurinn

Samþykkt var að halda áfram viðræðum við SSH um umsjón með Útivistarvefnum og kostnaði við þróun og markaðssetningu á vefnum í framtíðinni.

5. Reykjavík City Card

Farið var yfir stöðuna á kortinu en gert er ráð fyrir að samningar verði tilbúnir á milli Reykjavíkurborgar og stofunnar í mars.

6. Þróun áfangastaðastaða

Ákveðið að geyma þar til á næsta fundi.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.